

Framkvæmdastjórn ESB leggur línurnar**í vinnuáætlun sinni fyrir árið 2015**

Í desember birti framkvæmdastjórnin lista yfir forgangsmál á árinu 2015. Um er að ræða 23 mál. Fleiri störf og aukinn hagvöxtur er rauði þráðurinn í áherslunum. Árið verður notað til stefnumótunar.

Yfirlit um EES-málefni mun að þessu sinni fjalla um nokkrar áherslur framkvæmdastjórnarinnar sem lúta að málefnum er falla undir EES-samninginn. Af öðrum málum sem fjallað er í vinnuáætluninni og varða Ísland með beinum hætti má nefna innflytjendamál og öryggismál á vettvangi Schengen. Þá verða utanríkisviðskipti ofarlega á baugi framkvæmdastjórnarinnar, sérstaklega viðræður um fríverslunarsamning við Bandaríkin.

Íslensk stjórnvöld þurfa fylgjast grannt með þeim tillögum sem fram koma og kunna að falla undir EES-samninginn. Leggja þarf mat á hvort fyrirhugaðar breytingar hafi áhrif á íslenska hagsmuni. Enn fremur þarf að fylgjast með þegar kallað verður eftir athugasemdum (e. public consultation) við stefnumarkandi skjöl og löggjöf og hafa þar með mögulega áhrif á mótun löggjafar þegar á frumstigi. Þess skal getið að samkvæmt nýju verklagi verða meiriháttar tillögur einungis lagðar fram af framkvæmdastjórninni að afloknu 12 mánaða undirbúningstíma í stað 3 mánaða áður. Er því ekki margra lagatillagna að vænta á árinu 2015. Hér má nálgast vinnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar : <http://bit.ly/1XzY6T>

Vinnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar:**Innri markaðurinn: Ný aðgerðaáætlun lögð fram í október með áherslu á eftirstandandi hindranir**

Ný framkvæmdastjórn ESB leggur áherslu á að bæta starfsumhverfi fyrirtækja með því að afnema hindranir í vegi fjárfestinga og að efla hagvöxt. Í þessu sambandi verður horft til betri reglusetningar, þ.e. að minnka skrifræði, tryggja aðgengi að fjármagni, ýtt verður undir rafræn viðskipti og nýsköpun.

Framkvæmdastjórnin mun gefa út nýja aðgerðaráætlun fyrir innri markaðinn (e. Internal Market Strategy). Slíkar áætlanir hafa verið gerðar áður. Í þeim koma fram ábendingar til aðildarríkja um leiðir til að bæta framkvæmd innri markaðarins og um möguleikana á þessu stóra markaðssvæði. Áætlað er tillögur muni liggja fyrir í október 2015.

Löggjöf um fjarskiptaþjónustu, höfundarrétt og reglur um sjónvarps- og útvarpsrétt verða endurskoðuð. Unnið verður að því að einfalda reglur um netverslun og þannig ýtt undir slík viðskipti, samfara því að auka netöryggi.

...stúfar

Innanríkisráðherra sótti óformlegan ráðherrafund innanríkisráðherra ESB og EES/EFTA-ríkjanna 29.-30. janúar sl.

Leiðtogaráð ESB kom saman til óformlegs fundar í Brussel 12. febrúar sl. þar sem var rætt um málefni Úkraínu, baráttuna gegn hryðjuverkum og myntbandalagið.

Sjá nánar: <http://bit.ly/1vvZ6hV>

Sendiherra Íslands afhenti Hollandskonungi trúnaðarbréf sitt hinn 28. nóvember sl.

Fyrsti fundur sameiginlegu EES-nefndarinnar á árinu fór fram 6. febrúar sl. Næsti fundur nefndarinnar verður 20. mars nk.

Hinn 12. febrúar sl, ákvað Evrópuþingið að setja á laggirnar sérstaka þingnefnd til að fjalla um úrskurði í skattamálum, sem viðbrögð við LuxLeak málinu. Í nefndinni eiga sæti 45 Evrópuþingmenn og mun nefndin starfa í 6 mánuði. Sjá nánar: <http://bit.ly/1tep2ql>

Gert er ráð fyrir að tillögur að nýrri löggjöf um neytendavernd og markaðseftirlit verði samþykktar en þær tillögur eru nú til umræðu innan Evrópuþingsins og ráðsins.

Leitað verður leiða til að auka hreyfanleika vinnuafis innan sambandsins (e. Labour Mobility Package). Samhliða því verða aðildarríkin studd í að verja sín velferðarkerfi með því að koma í veg fyrir misnotkun á bótakerfum. Unnið verði að því að styrkja samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á EES (EURES)

Ráðist verður í að meta reynsluna af meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu, bæði í vöru- og þjónustuviðskiptum. Slíkar viðurkenningar lúta t.d. að samræmismati á vörum þannig að vottorð frá einu aðildarríki er viðurkennt sem vottun fyrir því að vara uppfylli kröfur sem gerðar eru í hinum aðildarríkjunum. Annað dæmi er gagnkvæm viðurkenning starfsréttinda.

Leiðir verða skoðaðar til að auka samkeppnishæfni flugfélaga. Gert er ráð fyrir endurskoðun á reglugerð um sameiginlegar reglur á sviði almenningsflugs og Flugöryggisstofnun Evrópu.

Reglur innri markaðarins þurfa að taka mið af auknum netviðskiptum

Framkvæmdastjórnin leggur áherslu á að koma á stafrænum innri markaði með það að markmiði að auka samkeppnishæfni og jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja innan ESB. Til þess að ná markmiðunum þarf að ráðast í breytingar á reglum á ýmsum sviðum og auka fjárfestingu í innviðum og upplýsingatækni. Í vinnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar er lögð áhersla á að:

- ná samkomulagi milli stofnana ESB um reglur á sviði gagnaverndar (e. *data protection*),
- endurskoða höfundarréttarlöggjöf,
- einfalda reglur um kaup og sölu sem og reglur um neytendavernd í netviðskiptum,
- bæta netöryggi til að auka traust og tiltrú neytenda á netviðskiptum.

Stefnt að fjármálamarkaðsbandalagi til að auka fjölbreytni í fjármögnun fyrirtækja

Áfram verður áhersla á umgjörð fjármálakerfisins. Ný framkvæmdastjórn boðar að unnið verði að fjármálamarkaðsbandalagi (e. Capital Market Union) með það fyrir augum að auka fjölbreytni í fjármögnun fyrirtækja og hagvöxt í ríkjum Evrópusambandsins. Eitt af því sem talið er hafa staðið evrópskum fyrirtækjum fyrir þrifum er að í mörgum ríkjum er fjármögnun mjög háð bankakerfinu. Óstöðugleiki á bankamarkaði getur síðan haft áhrif á fyrirtækin. Um 80% fjármögnunar evrópskra fyrirtækja kemur frá bönkum, en um 20% með útgáfu skuldabréfa. Í Bandaríkjunum er meirihluti fjármögnunar fyrirtækja með útgáfu skuldabréfa. Vilji er til að auka möguleika á slíkri fjármögnun innan sambandsins, þvert á landamæri og minnka þannig kerfisáhættu tengda bankakerfinu í hverju landi og innan Evrópu.

Framkvæmdastjórnin gaf út þrjú skjöl 18. febrúar sl. sem verða grundvöllur frekari umræðu og samráðs, en þau eru í fyrsta lagi grænbók, m.a. um leiðir til að auka aðgengi fyrirtækja að fjármagni, í öðru lagi skjal sem mun marka útlínur tillagna sem hvetja til öruggra skuldabréfavafninga sem losa á fé hjá bönkum, og í þriðja lagi, skjal sem mun leggja mat á hvernig endurskoða má reglur ESB um rýni afkomuspáa minni fyrirtækja svo þær geti hjálpað fyrirtækjum að fjármagna sig á markaði.

Árið 2015 verður fyrst og fremst nýtt til greiningar og stefnumótunar. Framkvæmdastjórnin hyggst gera úttekt á núverandi hindrunum sem ryðja þarf úr vegi til að koma á stafrænum innri markaði og meta kostnað því samfara. Þá mun framkvæmdastjórnin koma á fót samráðsvettvangi fyrir víðtækari stefnumótun um stafræn málefni. Einnig verður lagt mat á kosti varðandi stjórnun og stuðning við frumkvöðlaverkefni.

Gert er ráð fyrir að fyrstu tillögur líti dagsins ljós í maí 2015 en að samráðsferli hefjist 24. febrúar nk. Einu lagafrumvörpin á þessu sviði sem gert er ráð fyrir að komi fram á árinu 2015 eru á sviði höfundarréttar.

Próun löggjafar á þessu sviði mun óhjákvæmilega snerta Ísland þar sem stærstur hluti löggjafarinnar fellur undir EES samninginn. Á þessu stigi máls er ekki fyrir séð að ESB hefji mótun löggjafar á árinu nema varðandi höfundarrétt.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórnin muni í kjölfarið leggja fram aðgerðaráætlum um fjármálamarkaðsbandalag síðari hluta 2015. Engar lagatillögur munu liggja fyrir fyrr en á árinu 2016, en stefnt mun að því að bandalagið verði orðið að veruleika árið 2019.

Án þess að vitað sé með vissu hvar framkvæmdastjórnin mun bera niður í vinnu sinni er líklegt að áherslan verði fremur á samræmdar reglur um fjármálamarkaði, fremur en sameiginlegt eftirlit (við það er andstaða frá Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi). Í reynd er það fyrst og fremst dýpkun á innri markaðnum, sérstaklega með tilliti til aukinnar fjölbreytni fjármögnunar og fjárfestingar. Ekki er talið líklegt að um verði að ræða samræmingu á skattareglum eða reglum um málsmeðferð vegna greiðsluþrots. Sérstaklega hefur verið nefnt að koma á samræmdum reglum um viðskipti með verðbréf, fjárfestingarsjóðum til lengri tíma, frekari notkun sértryggðra skuldabréfa og eflingu fjárfestinga yfir landamæri. Til lengri tíma verði einnig horft til reglna um eignastýringu og lífeyrissjóði.

Mikilvægt verður að fylgjast með stefnumörkun framkvæmdastjórnarinnar á árinu svo og þeim tillögum sem settar verða fram í kjölfarið, enda er líklegt að þær muni hafa bein áhrif á umgjörð fjármálamarkaðarins á Íslandi og falla undir EES-samninginn. Þá þarf að fylgjast með þeim tillögum sem eru í lagasetningarferli ESB, svo sem um greiðsluþjónustu, um vísitölur, um skipulags-umbætur á bankamarkaði og um peningamarkaðssjóði.

Áhersla á markvissara og einfaldari regluverk

Framkvæmdastjórnin hefur sett á oddinn að létta og einfalda regluverkið (e. Better Regulation). Dregið skal úr skrifræði, borgurum og fyrirtækjum til hagsbóta, án þess að slá af vernd borgaranna á sviði félagsmála, heilsu eða umhverfis, eða vals neytenda. Auk þess verður áhersla á að auka gæði þeirrar löggjafar sem sett er og betri innleiðingu. Framkvæmdastjórnin, undir forystu Timmermans, varaforseta, hyggst leggja fram tillögur fyrir árslok 2015.

Vinna framkvæmdastjórnarinnar byggir á skýrslu frá 2014 sem unnin var undir forystu þýska stjórnáráðsmannsins Edmunds Stoiber. Unnið er að því að innleiða greiningu á áhrifum löggjafar á atvinnulífið áður en hún er sett, fremur en að mat á áhrifum hennar fari fram eftir á. Enn fremur er til skoðunar að setja markmið um að draga úr íþyngjandi reglum, t.d. með því að kostnaði fyrirtækja af íþyngjandi reglum verði mætt með því að nema aðrar jafn kostnaðarsamar úr gildi, eða að fylgt verði breskri fyrirmynd um að fyrir hverja eina íþyngjandi reglugerð verði önnur numin úr gildi. Einnig verður farið í gegnum löggjöf ESB og metið hvort reglur séu ennþá nauðsynlegar, hverjar megi einfalda og hvort þörf sé á löggjöf á ESB stigi eða hvort reglu-setningu sé betur komið hjá aðildarríkjunum sjálfum.

Framkvæmdastjórn ESB breytir vinnuáætlun sinni

Um þessar mundir standa yfir einar víðtækustu skipulagsbreytingar á framkvæmdastjórn ESB sem átt hafa sér stað í yfir 25 ár. Miða þær einkum að því að færa mannafla til innan kerfisins til að styrkja starf forseta og varaforseta framkvæmdastjórnarinnar og efla vinnu við forgangsmál framkvæmdastjórnarinnar. Þá er lögð áhersla á samstarf og samhæfingu milli fagskrifstofa.

Þess skal getið að samkvæmt nýju verklagi verða tillögur með meiriháttar áhrifum einungis lagðar fram af framkvæmdastjórninni að afloknu 12 mánaða undirbúnings-tímabili í stað 3 mánaða áður. Þá þurfa allar slíkar tillögur sem framkvæmdastjóri hyggst leggja fram að hljóta samþykki fyrsta varaforseta framkvæmdastjórnarinnar, Timmermans, og viðkomandi varaforseta, skarist málið við verksvið þeirra.

Miðar hið nýja skipulag og nýja verklag að því að tryggja að kraftar ESB beinist að stærri málum, en að ekki sé eitt miklu þúðri í minni málum. Sjá nánar: <http://bit.ly/1vjyD6V>

Í þessu samhengi hefur ESB þegar farið yfir tillögur sem eru í lagasetningaferli ESB og dregið til baka 80 tillögur, m.a. vegna þess að þær eru ekki samkvæmt pólitískum áherslum framkvæmdastjórnarinnar, hafa verið of lengi á samningaborði Evrópuþingsins og ráðsins, eða ekki taldar skila þeim árangri sem sóst er eftir. Þá verða fleiri tillögur dregnar til baka ef ekki næst samstaða um þær innan ásættanlegs tíma og nýjar lagðar fram í þeirra stað.

Á síðari tímum hefur atvinnulífið á Íslandi, sérstaklega smærri fyrirtæki, kvartað nokkuð undan kostnaði við að fara eftir löggjöf sem á rætur sínar að rekja til EES-samningsins og lagasetningar innan ESB. Meðal annars var komið á fót starfshópi á vegum forsætisráðuneytisins til að skoða hvernig létta mætti á starfs-umhverfi fyrirtækja, m.a. með því að nýta betur sveigjanleika við innleiðingu. Ofangreint áhersluatriði framkvæmdastjórnarinnar fellur því vel saman við íslenska hagsmunum og rétt að fylgjast vel með þróuninni innan ESB. Þá mætti koma á framfæri íslenskum áherslum á þessu sviði með séríslensku framlagi, eða í samstarfi við hin EFTA-ríkin.

Vinnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar:

Þjónustuviðskipti: Áhersla á framkvæmd og afmörkuð þjónustusvið

Frjáls þjónustustarfsemi er hluti hins fjórþætta frelsis sem innri markaðurinn byggir á, þ.m.t. EES-samningurinn.

Framkvæmdastjórnin mun líklega ekki leggja til breytingar á þjónustutíðuninni. Hins vegar kann framkvæmd hennar að verða styrkt með viðbótarlöggjöf.

Gert er ráð fyrir að farið verði í sértækar aðgerðir á tilteknum sviðum þjónustu, s.s. viðskiptaþjónustu, smásölu og byggingaþjónustu. Unnið er að greiningarvinnu um hvaða aðgerðir gætu skilað mestum efnahagslegum ávinningi og í framhaldinu verða tillögur mótaðar. Líklegt er að stuðst verði við lágmarkssamræmingu löggjafar og gagnkvæma viðurkenningu, svipað og gert er í vöruviðskiptum þar sem vara sem sett er á markað í einu ríki uppfyllir skilyrði í þeim öllum.

Framkvæmdastjórnin hyggst jafnframt bregðast við breyttum veruleika á þjónustumarkaði þar sem fyrirtæki og einstaklingar geta keypt þjónustu af einhverjum sem hefur vannýta getu eða aðstöðu. Þetta getur verið allt frá því að deila húsnæði, leigubíl eða þekkingu. Engin löggjöf nær yfir slíka starfsemi í dag.

Áhersla á orkuöryggi og minnkun útblásturs

Í undirbúningi er stefnumarkandi rammi um orkubandalag (e. strategic framework) sem kynntur verður 25. febrúar nk. Þar verða tilteknar lykilaðgerðir sem ráðast þarf í til að tryggja orkuöryggi (framboð), auka sjálfbærni í orkuframleiðslu, auka innbyrðis tengingar orkukerfa aðildarríkjanna, auka orkunýtni, minnka útblástur koldíoxíðs og auka rannsóknir og nýsköpun.

Með stofnun orkubandalags aukast einnig möguleikar á bættri nýtingu auðlinda og gefur kost á að koma fram sem ein sterkari heild gagnvart þriðju ríkjum í samningum um orkukaup.

Markmið framkvæmdastjórnarinnar á sviði orkumála eru nátengd loftslagsstefnunni, m.a. þegar kemur að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og aukinni nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Þegar liggur fyrir samkomulag um markmið ESB til 2030 og árið 2015 verður hafist handa við að móta nauðsynlega löggjöf til að hrinda orku- og loftslagspakkanum í framkvæmd. Enn fremur mun vinna framkvæmdastjórnarinnar á sviði loftslagsmála markast af undirbúningi fyrir fund aðildarríkja loftslagssamnings SP í París í desember. Unnið er að því að ljúka mótun afstöðu ESB á þeim fundi þó meginatriðin séu þegar ljós.

Nú stendur yfir opið umsagnarferli vegna endurskoðunar á viðskiptakerfi ESB með gróðurhúsalofttegundir, en því lýkur 16. mars nk. Að því búnu hefst úrvinnsla sem ekki er vitað hvenær liggja mun fyrir.

TTIP-viðræðurnar: Samningalota í byrjun mánaðarins skilaði litlum árangri um stóru málin

Í byrjun febrúar fór fram 8. samningalotan í fríverslunarviðræðum ESB og Bandaríkjanna.

Í samningalotunni náðist nokkur árangur um tæknileg atriði. Hins vegar er talið ólíklegt að mikið hreyfist um stærri mál viðræðnanna fyrr en fyrir liggur umboð Bandaríkjastjórnar frá Bandaríkjaþingi til að gera samning sem þingið getur einungis samþykkt eða hafnað, en ekki breytt (e. Trade Promotion Authority—TPA). Er það talið geta orðið með vorinu, en það er háð samningaviðræðum Bandaríkjaforseta og meirihluta repúblikana á Bandaríkjaþingi.

Hagsmunir Bandaríkjanna í viðræðunum snúast fyrst og fremst um aukin markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur til Evrópu. Hagsmunir ESB eru meiri á öðrum sviðum, svo sem varðandi markaðsaðgang varðandi þjónustu og aðgang að opinberum útboðum í Bandaríkjunum. Þá munu samningsaðilar leita leiða til að samræma staðla og reglur eða koma á gagnkvæmnisviðurkenningu til að auðvelda viðskipti sín í milli.

Gert er ráð fyrir 2-3 samningalotum til viðbótar á árinu, sú næsta í apríl nk. Ekki eru taldar líkur á því að viðræðunum ljúki á þessu ári.

Sjá nánar upplýsingar um samningaviðræðurnar á vef utanríkisviðskiptaskrifstofu framkvæmdastjórnar ESB: <http://bit.ly/18TXIIS>

...stúfar

Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs hittu forystumenn ESB í Brussel 21. janúar sl. Sjá nánar: <http://bit.ly/1Bmb8w4>

Hinn 15. janúar sl. tók Dag Wernø Holter við starfi varaframkvæmdastjóra EFTA með aðsetur í Brussel. Dag var áður sendiherra Noregs á Íslandi. Sjá nánar: <http://bit.ly/1MzWhBu>

Ráð ESB skipað utanríkisráðherrum aðildarríkjanna ræddu málefni Úkraínu og baráttuna gegn hryðjuverkum á fundi sínum 9. febrúar sl. Sjá: <http://bit.ly/1viy5Oz>

Hinn 28. janúar sl. hófst almennt samráðsferli vegna endurskoðunar sjóflutningaáætlunar ESB sem er í gildi fram til 2018. Frestur til að senda inn athugasemdir er til 22. apríl nk. Sjá : <http://bit.ly/16d2fXu>

Hér má finna upplýsingar um mál sem eru í almennu samráðsferli hjá ESB <http://bit.ly/1n13j2J>

Rannsóknarþjónusta Evrópuþingsins hefur nýverið tekið saman upplýsingar um löggjöf aðildarríkjanna með tilliti til lágmarkslauna. Sjá nánar : <http://bit.ly/1GYn9L6>

EFTA-ríkin eru einn stærsti viðskiptaaðili ESB þegar kemur að þjónustu. Sjá: <http://bit.ly/1Fxm4bB>

Í meðfylgjandi skjali er yfirlit um helstu gerðir sem samþykktar voru innan ESB í desember 2014 og janúar 2015 og varða EES-samninginn.

Yfirlit þetta er tekið saman til upplýsingar um EES-málefni og sent til utanríkismálanefndar Alþingis á grundvelli 8. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála.